Draugatrú Hrafns Jökulssonar

Íslendingar trúðu á forynjur og drauga í hverju skúmaskoti allt fram eftir þessari öld. Fáfræði, einangrun og skammdegismyrkur ólu og endurnærðu þessa mögnuðu þjóðtrú.

Draugatrú Hrafns Jökulssonar í Alþýðublaðinu síðastliðinn miðvikudag sýnir okkur og sannar að draugatrú er enn ekki úr sögunni í landi voru, og lifir hún og hrærist í fáfræði á sama hátt og fyrr á tímum.

Stundum getur fáfræðin orðið svo yfirþyrmandi að eigi verði orða bundist og þess vegna eru þessar línur ritaðar en ekki til þess að taka afstöðu til yfirstandandi umræðna um myndun nýrrar ríkisstjórnar.

Hrafn er barnungur maður og veit því ekkert af eigin reynslu um íslenskt þjóðfélag fyrir 20 árum og þaðan af síður fyrir 40 árum. Auðvitað eru til sannar og óyggjandi upplýsingar um Viðreisnartímabilið í bókum og blöðum, en þær hefur Hrafn svo sannarlega ekki lesið. Hann hefur hins vegar eingis hlustað á draugasöguna um Viðreisnartímabilið — draugasöguna, sem pólitískir skrumskælingameistarar mögnuðu á sínum tíma og hafa alið á fram á þennan dag.

Hvernig var ástand þjóðmála þegar Viðreisnarstjórnin tók við? Það ætti Hrafn Jökulsson að kynna sér, ef hann vill hafa það sem sannara reynist.

Í stuttu máli: Allt athafnalíf og almenningur var reyrður í margföldum viðskiptafjötrum, skömmtunarskrifstofur í Reykjavík sátu yfir hvers manns hlut og veittu m.a. byggingarleyfi fyrir efri hæð í húsi á Akureyri en synjuðu um byggingu neðri hæðarinnar! Gengi krónunnar var í alls konur skötulíki: ferðagjaldeyrir, bátagjaldeyrir og margs konar annað gengi eftir tegundum innfluttra vara.



Þessu austantjaldsástandi sópaði Viðreisnarstjórnin út af borðinu og kom hér á fót frjálsu viðskipta- og athafnalífi á þeirra tíma mælikvarða. Það var Viðreisnin.

En síðar kom stóra áfallið 1967 og 1968, þegar útflutningsafurðir okkar hrundu í verði á erlendum mörkuðum um allt að 50% og stórfellt atvinnuleysi fylgdi í kjölfarið um land allt.

Getur Hrafn Jökulsson séð fyrir skáldlegum augum sínum, hvernig ástandið yrði í þjóðfélaginu, ef við yrðum nú fyrir sams konar áfalli? Eða mundi hann treysta sér til að mynda einhverja þá ríkisstjórn, er gæti leitt þjóðina gegnum slíkar þrengingar, án þess hún yrði þess vör, að undirstaðan undir lífsafkomu hennar hefði hrunið?

Auðvitað kemst engin ríkisstjórn með heilt skinn frá slíkum áföllum þótt hún berjist um á hæl og hnakka. Okkur hættir alltaf til að hengja bakara fyrir smið þegar gefur á bátinn.

Alþýðuflokkurinn fékk að kenna á því, óverðskuldað. Þar að auki fannst nýjum árgöngum kjósenda, sem ekki mundi neitt annað en Viðreisn, að nú þyrfti að breyta til breytinganna vegna. Og síðast en ekki síst þá klofnaði Alþýðuflokkurinn, af því að klofningurinn úr honum hljóp eftir villuljósi.

Að sjálfsögðu dettur engum í hug að halda því fram að Viðreisnarstjórninni hafði aldrei orðið neitt á í messunni fremur en öðrum ríkisstjórnum. Henni hafði samt tekist, þegar hún fór frá 1971, að koma okkur upp úr öldudalnum og skapa skilyrði til batnandi lífskjara með verðbólgu á svipuðu stigi og nú er.

Þá hvarf Alþýðuflokkurinn af vettvangi og við tók langt og örlagaríkt verðbólguskeið Framsóknar, Sjálfstæðisflokks og Alþýðubandalags. Þessir þrír flokkar voru síðan, eins og alþjóð veit, á látlausu verðbólguhundasundi þar til Alþýðuflokkurinn kom aftur til skjalanna fyrir fjórum árum.

Þessi verðbólguhrollvekja þríflokkanna hefur ekki aðeins reynst þjóðinni dýrkeypt efnalega og gert hana að láglaunavinnuþrælum, heldur ruglað almenning jafnt og atvinnulífið svo í ríminu, að við verðum lengi að bíða þess bætur.

Kannski að næsta draugasaga Hrafns Jökulssonar verði um sáluhjálp þessa tímaskeiðs?

Jón H. Guðmundsson.

Hvert líf kraftaverk

Yoko Ono segir að líf hvers og eins sé kraftaverk og allir, hver á sinn hátt, geti lagt sitt fram til að skapa frið og gera mannlífið fegurra.

Fjöllistakonan Yoko Ono er nú stödd hér á landi og opnar yfirlitssýningu á verkum sínum á Kjarvalsstöðum í dag. Sýningin ber yfirskriftina FRIÐUR, en friðarhreyfingar sjöunda áratugarins tengjast sterkum böndum nafni Yoko Ono.

Yoko segir að þegar talið berist að listferli hennar miði margir það við árið 1960, um það leyti sem hún kom til New York. Hún segist í raun ekki vita hvenær hún byrjaði að fást við list. Öll börn séu að fást við að skapa eitthvað þó þau séu ekki kölluð listamenn.

Yoko Ono er kannski ekki síst þekkt fyrir að hafa verið kona bítilsins fræga, Johns Lennon, sem var skotinn til bana fyrir rúmum tíu árum. Hún er og hefur þó um langa hríð verið framsækinn og djarfur listamaður sem notið hefur hylli og virðingar.

Á sýningu Yoko Ono er að finna 111 verk, sem ýmist eru hlutir, hljóðverk eða leiðbeiningaverk. Yoko Ono er einn af frumkvöðlum FLUXUS-hreyfingarinnar sem spratt upp í New York í byrjun 7. áratugarins. Þótt list hennar sé nátengd hugmyndafræði Fluxus, bæði hvað varðar skammtíma verk hennar og beinar tilvísanir í hversdagsleikann, hefur hún þó mikla sérstöðu sem listamaður.

Yoko Ono hefur notað hvert tækifæri sem gefist hefur til að boða frið og segist ætla að halda þeirri baráttu áfram eins lengi og hún mögulega geti. Á blaðamannafundi sem hún hélt í gær sagði hún að hvert líf væri kraftaverk og sérstætt á sinn hátt.

Allir geta lagt sitt af mörkum til að bæta ástandið í heiminum, ekki síst með því að hvetja aðra og þannig gætu lítil lönd eins og Ísland haft áhrif ekki síður en stærri þjóðir.

Yoko Ono sagði að þrátt fyrir að ýmsar breytingar hafi orðið á því formi sem hún noti til að koma hugmyndum sínum á framfæri væri það barátta fyrir friði í heiminum sem skipti hana mestu máli. Þó heimurinn væri kannski flóknari en ungt fólk á sjöunda áratugnum hefði látið að liggja mætti alls ekki gefast upp í baráttunni fyrir friði.

Yoko Ono sagðist vera ánægð með að vera komin til Íslands, og hún ætlaði að nota tækifærið til að skoða sig eitthvað um í þessu fallega landi. Hún sagðist að minnsta kosti ætla að sjá Bláa lónið og einhvern stað þar sem hún fengið að sjá hver gjósa.

Á Kjarvalsstöðum verður einnig opnuð sýning á verkum listamanna úr hinni svonefndu Fluxus-hreyfingu. Í grófum dráttum var Fluxus afsprengi þeirrar miklu grósku sem var í framsækni í listum um 1960 og beindist sérstaklega gegn sjónblekkingum og óhlutlægri myndlist, sem Fluxus-menn nefndu hinar „dauðu listir".

Sýningarnar munu standa yfir frá 27. apríl til 6. júní og verða opnar daglega frá 11.00 til 18.00.



Sjónvarpið

15.00 Íþróttaþátturinn **18.00** Alfreð Önd **18.25** Kasper og vinir hans **18.55** Táknmálsfréttir **19.00** Poppkorn **19.25** Háskaslóðir **20.00** Fréttir og veður **20.35** Lottó **20.40** Söngvakeppni sjónvarpsstöðva Evrópu **20.55** '91 á Stöðinni **21.20** Fólkið í landinu **21.45** Skálkar á skólabekk **22.15** Riddarinn hugprúði **23.45** Skólastúlka hverfur **01.25** Útvarpsfréttir í dagskrárlok. **SUNNUDAGUR** **14.00** Íþróttir **16.15** Hús lífsins **17.15** Hreinar línur **17.50** Sunnudagshugvekja **18.00** Bland í poka **18.30** Rauði sófinn **18.55** Táknmálsfréttir **19.00** Bleiki pardusinn **19.30** Fagri-Blakkur **20.00** Fréttir, veður og Kastljós **20.50** Söngvakeppni sjónvarpsstöðva Evrópu **21.00** Þak yfir höfuðið **21.25** Ráð undir rifi hverju **22.20** Eiturbyrlarinn **23.40** Útvarpsfréttir í dagskrárlok.

Stöð 2

9.00 Með Afa **10.39** Regnbogatjörn **10.55** Krakkasport **11.10** Táningarnir í Hæðargerði **11.35** Fjölskyldusögur **12.20** Úr ríki náttúrunnar **13.10** Á grænni grein **13.15** Svona er Elvis **14.55** Ópera mánaðarins **17.00** Falcon Crest **18.00** Popp og kók **18.30** Björtu hliðarnar **19.19** 19:19 **20.00** Séra Dowling **20.50** Fyndnar fjölskyldumyndir **21.20** Tvídrangar **22.10** Fletch lifir **23.45** Tvíburar **01.35** Mánaskin **SUNNUDAGUR** **09.00** Morgunperlur **09.45** Pétur Pan **10.10** Skjaldbökurnar **10.35** Trausti hrausti **11.00** Fimleikastúlkan **11.30** Mímisbrunnur **12.00** Popp og kók **12.30** Beverly Hills ormarnir **14.05** Heimdraganum hleypt **15.45** NBA-karfan **17.00** Listamannaskálinn **18.00** 60 mínútur **18.50** Að tjaldabaki **19.19** 19:19 **20.00** Bernskubrek **20.25** Lagakrókar **21.15** Inn við beinið **22.15** Neyðaróp **23.50** Lestarránið mikla **01.40** Dagskrárlok.

Rás 1

06.45 Veðurfregnir. Bæn **07.00** Fréttir **07.03** Á laugardagsmorgni **09.00** Fréttir **09.03** Spuni **10.00** Fréttir **10.10** Veðurfregnir **10.25** Tónlist **11.00** Vikulok **12.00** Útvarpsdagbókin **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Rimsirams Guðmundar Andra Thorssonar **13.30** Sinna **14.30** Átyllan **15.00** Tónmenntir **16.00** Fréttir **16.05** Íslenskt mál **16.15** Veðurfregnir **16.20** Útvarpsleikhús barnanna **17.00** Leslampinn **17.50** Stélfjaðrir **18.35** Dánarfregnir **18.45** Veðurfregnir **19.00** Kvöldfréttir **19.30** Djassþáttur **20.10** Meðal annarra orða **21.00** Saumastofugleði **22.00** Fréttir. Orð kvöldsins **22.15** Veðurfregnir **22.20** Orð kvöldsins **22.30** Úr söguskjóðunni **23.00** Laugardagsflétta **24.00** Fréttir **00.10** Sveiflur **01.00** Veðurfregnir **01.10** Næturútvarp **SUNNUDAGUR** **08.00** Fréttir **08.07** Morgunandakt **08.15** Veðurfregnir **08.20** Tónlist **09.00** Fréttir **09.03** Spjallað um guðspjöll **09.30** Tónlist **10.00** Fréttir **10.10** Veðurfregnir **10.25** Af örlögum mannanna **11.00** Messa í Garðakirkju **12.10** Útvarpsdagbók **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Hratt flýgur stund á Suðurlandi **14.00** Dagskrá um svissn. rithöfundinn Max Frisch **15.00** Myndir í músík **16.00** Fréttir **16.15** Veðurfregnir **16.20** Fornveður lesið úr ískjörnum **17.00** Harmonikuhatíð **18.00** Smásaga **18.30** Tónlist **18.45** Veðurfregnir **19.00** Kvöldfréttir **19.31** Spuni **10.30** Hljómplöturabb **21.20** Kíkt út um kýraugað **22.00** Fréttir **22.15** Veðurfregnir **22.20** Orð kvöldsins **22.25** Á fjölunum **23.00** Frjálsar hendur Illuga Jökulssonar **24.00** Fréttir **01.10** Stundarkorn í dúr og moll **01.00** Veðurfregnir **01.10** Næturútvarp.

Rás 2

08.05 Ístoppurinn **09.03** Þetta líf, þetta líf **12.20** Hádegisfréttir **12.40** Helgarútgáfan **16.04** Söngur villiandarinnar **17.00** Með grátt í vöngum **19.00** Kvöldfréttir **19.32** Cliff Richard **20.30** Safnskífan **11.07** Gramm á fóninn **01.10** Nóttin er ung **02.00** Næturútvarp **SUNNUDAGUR** **08.07** Hljómfall guðanna **09.03** Sunnudagsmorgunn með Svavari Gests **11.00** Helgarútgáfan **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Helgarútgáfan **15.00** Ístoppurinn **16.05** Þættir úr rokksögu Íslands **17.00** Tengja **19.00** Kvöldfréttir **19.31** Kvöldtónar **21.00** Djass **22.07** Landið og miðin **01.10** Í háttinn **01.00** Næturútvarp.

Bylgjan

08.00 Hafþór Freyr Sigmundsson **12.00** Hádegisfréttir **12.10** Brot af því besta **13.00** Snorri Sturluson o.fl. **18.00** Haraldur Gíslason **22.00** Kristófer Helgason **03.00** Björn Sigurðsson **SUNNUDAGUR** **09.00** Í bítið **12.00** Hádegisfréttir **12.10** Vikuskammtur **13.00** Heimir Jónasson **19.00** Sigurður Helgi Hlöðversson **22.00** Heimir Karlsson **02.00** Björn Sigurðsson á næturvakt.

Stjarnan

09.00 Jóhannes B. Skúlason **13.00** Lífið er létt **17.00** Páll Sævar Guðjónsson **20.00** Maður á réttum stað **22.00** Stefán Sigurðsson **03.00** Haraldur Gylfason **SUNNUDAGUR** **10.00** Guðlaugur Bjartmarz **12.00** Páll Sævar Guðjónsson **17.00** Hvíta tjaldið **19.00** Léttar sveiflur **20.00** Statísk ró **24.00** Guðlaugur Bjartmarz.

Aðalstöðin

08.00 Loksins laugardagur **12.00** Hádegistónlistin **13.00** Gullöldin **15.00** Fyrir ofangarð **17.00** Á hjólum **19.00** Á kvöldróli **24.00** Nóttin er ung **SUNNUDAGUR** **08.00** Morguntónar **10.00** Úr bókahillunni **12.00** Hádegi **13.40** Leitin að týnda teitinu **15.00** Í þá gömlu góðu **19.00** Á nótum vináttunnar **22.00** Úr bókahillunni **24.00** Næturdagskrá.